

Breytingar á lögum og reglugerðum o.fl.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir nýlegum breytingum á sviði virðisaukaskatts. Jafnframt verður fjallað um skýrsluskil í tengslum við skattframtal 1998. Loks verður getið um endurútgáfu svokallaðrar lagasamfellu virðisaukaskatts.

I. Breytingar á lögum um virðisaukaskatt

Með lögum nr. 115/1997 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Meðal helstu breytinga er eftirfarandi:

1. Þjónusta seld erlendum aðilum - reglur færðar til fyrra horfs

Með lögum nr. 55/1997 var gerð töluverð breyting á framkvæmd á sviði reglugerðar nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá. Nýja fyrirkomulagið, sem tók gildi 1. júlí 1997, krafðist meiri fyrirhafnar af hálfu erlendra aðila í þeim tilvikum sem þjónusta telst vera nýtt hér á landi. Þeir þurftu þá að greiða virðisaukaskatt af þjónustunni hér á landi og sækja síðan um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja, í stað þess að fá hana afhenta án virðisaukaskatts.

Með lögum nr. 115/1997 var fyrirkomulag skattmeðferðar á þjónustu við erlenda aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi fært til fyrra horfs í meginatriðum. Þessi breyting er afturvirk og gildir frá 1. júlí 1997.

2. Endurgreiðslur til Íslendinga búsettra erlendis

Með lögum nr. 155/1997 var reglum um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna breytt þannig að endurgreiðsluheimild nær nú til allra aðila sem eru með fasta búsetu erlendis, en ekki aðeins til ferðamanna með erlent ríkisfang og erlenda heimilisfesti. Breytingunni er ætlað að gera erlendis búsetta Íslendinga jafnsetta öðrum ferðamönnum hér á landi hvað varðar

endurgreiðslu virðisaukaskatts af varningi sem þeir kaupa hér á landi og hafa með sér af landi brott innan 30 daga frá því að kaupin gerðust. Þessi lagabreyting tók gildi 18. desember 1997. Með reglugerð nr. 689/1997 var reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna, breytt til samræmis við þetta.

II. Breytingar á reglugerð um frjálsa og sérstaka skráningu

Með reglugerð nr. 697/1997 voru gerðar nokkrar breytingar á reglugerð nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign. Breytingunum, sem tóku gildi 1. janúar s.l., er ætlað að skýra og tryggja framkvæmd á sviði reglugerðar nr. 577/1989, en sú reglugerð geymir sértækar heimildarreglur um virðisaukaskatt af atvinnuhúsnæði sem leigt er út eða byggt er til sölu eða útleigu. Meðal helstu nýmæla er eftirfarandi:

Yfirlýsingu kaupanda sérstaklega skráðs húsnæðis um ætluð not hans af fasteigninni og skuldbindingu hans um yfirtöku á kvöð um leiðréttingu innskatts skal þinglýst á viðkomandi fasteign. Byggingaraðili þarf því m.a. að leggja fram gögn um þinglýsingu fullnægjandi yfirlýsingar og skuldbindingar þegar 1) hann sækir um sérstaka skráningu vegna þegar selds húsnæðis eða 2) aflétta á tryggingu við sölu sérstaklega skráðs húsnæðis.

Trygging vegna óselds húsnæðis, sem óskað er sérstakrar skráningar á, skal vera í formi bankaábyrgðar, þ.e. skilyrðislausrar sjálfskuldarábyrgðar banka. Með umsókn um frjálsa skráningu vegna útleigu húsnæðis skal m.a. leggja fram vottorð um að leigusamningi hafi verið þinglýst.

Notkunarleysi á húsnæði sem skráð hefur verið frjálsri skráningu í sex mánuði eða lengur, t.d. vegna þess að leigusamningi hefur verið rift, telst ekki til leiðréttingartímabils samkvæmt IV. kafla reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt.

III. Skýrsluskil í tengslum við skattframtal 1998

Eyðublöð RSK 10.25, 10.26 og 10.27 skal, eftir atvikum, fylla út og skila í tengslum við ársuppgjör og skil skattframtala 1998. Eyðublað RSK 10.26 fylgir hjálagt, en þeir sem þurfa að skila eyðublöðum RSK 10.25 og/eða 10.27 þurfa að nálgast þau hjá skattstjórum eða umboðsmönnum þeirra.

1. Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.25)

Þeir sem stunduðu virðisaukaskattsskylda starfsemi á árinu 1997 skulu fylla út samanburðarskýrslu virðisaukaskatts (árssundurliðun vegna rekstrar 1997) og skila henni til skattstjóra með skattframtali 1998. Þetta gildir þó ekki ef notast er við skattframtal rekstrar-aðila (RSK 1.04) við tekjuskattsuppgjör (árssundurliðunin kemur þá fram í framtalinu sjálfu). Það eru því aðeins þeir sem ekki notast við skattframtal rekstraraðila (þ.m.t. þeir sem skila því með takmarkaðri útfyllingu) sem þurfa að standa skil á eyðublaði RSK 10.25.

2. Leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.26)

Þessa skýrslu skal m.a. útfylla og skila þegar upplýsist um þörf á að leiðrétta fyrri uppgjör og skil á virðisaukaskatti, t.d. við ársuppgjör, sbr. hér á eftir.

Ef fram kemur mismunur í samanburðarskýrslu virðisaukaskatts eða skattframtali rekstraraðila á milli virðisaukaskattsskýrslna og ársreiknings samkvæmt bókhaldi skal útfylla og skila þessari skýrslu, hvort sem mismunurinn er jákvæður eða neikvæður. Greiðsluskýrslu skal skila til innheimtumanns, ásamt

greiðslu, en inneignarskýrslu skal skila til skattstjóra með skattframtali 1998.

(Bent skal á að ársuppgjör fer saman við frumskil á virðisaukaskatti hjá aðilum sem eru með ársskil. Þeir standa skil á virðisaukaskatti ársskilatímabilsins í formi virðisaukaskattsskýrslu RSK 10.09 (gíróseðill) eða RSK 10.10 (ekki gíróseðill). Aðilum með ársskilamáta 1997 verður send árituð skýrsla RSK 10.09 fyrir gjalddagann 16. mars n.k. Leiðréttingar eftir frumskil 16. mars eru gerðar á skýrslueyðublaði RSK 10.26.)

3. Afstemming virðisaukaskatts (RSK 10.27)

Þetta eyðublað er til nota fyrir þá sem hafa með höndum blandaða starfsemi, þ.e. starfsemi sem er að hluta virðisaukaskattsskyld og að hluta undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt 2. gr. virðisaukaskattslaga. Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisaukaskattsskýrslu tímabilsins nóv.-des. 1997 (almenn skil), júlí-des. 1997 (landbúnaðar- og nytjaskógræktarskil) eða 1997 (ársskil). Afstemmingarblaðinu skal skila með skattframtali 1998.

IV. Lagasamfella virðisaukaskatts

Ritið „Virðisaukaskattur og fleiri óbeinir skattar“ (RSK 11.27) hefur verið endurútgefið og geymir nú uppfærð lög, reglugerðir, reglur og auglýsingar á sviði virðisaukaskatts, vörugjalds, þungaskatts og fleiri skatta miðað við 1. júlí 1997. Dreifingu ritsins annast Ríkiskaup og fæst það nú keypt hjá Bókabúð Lárusar Blöndals, Bóksölu stúdentna og Pennanum. Þá er hægt að fá ritið keypt á disklingi hjá virðisaukaskattsskrifstofu ríkisskattstjóra á aðgengilegu formi. Um er að ræða útgáfu á word-formi þar sem vandað efnisyfirlit auðveldar mjög alla leit.

Nánari upplýsingar veita virðisaukaskattsskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1112 og skattstjórar um land allt.

VIRÐISAUKASKATTSSKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA